

Bekkur: 1. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennarar: Umsjónakennarar Nemendur: 31 Tíma fjöldi: 3 kennslustundir Menntagildi námsgreina: Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur. 1) Í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar, 2) Í tengslum við sjálfan sig 3) Í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við. Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.		
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Reynsluheimur - umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	Nemandi getur: • Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi. • Sagt frá og skilið samhengi milli orða, athafna og afleiðinga. • Sagt frá helstu hátíðum sem tengjast kristni. • Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða.	• Í samverstundum ræðum við þau gildi sem við viljum að nemendur tileinki sér í samskiptum við aðra. • Hópastarf og útinám/vettvangsnám. • Áhersla er lögð á að nemendur þekki tvær stærstu hátíðir kristinnar kirkju og ræðum hvort allir haldi sömu hátíðir. • Rætt er um mikilvægi okkar nánustu fjölskyldu og samskipta við hana. Einnig er rætt um að ekki eru allar fjölskyldur eins.

	• Áttað sig á að hann tilheyrir stærra samfélagi og að við höfum ábyrgð gagnvart öðrum í samfélaginu. • Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. • Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.	• Við ræðum um að við tilheyrum stærra samfélagi en fjölskyldunni. Við erum Íslendingar og berum sameiginlega ábyrgð á landi og þjóð. • Í tengslum við umferðarfræðslu er rætt um hættur í umhverfinu og hvernig ber að varast þær. • Umræður í heimakrók.
Hugarheimur, Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	Nemandi getur: • Sagt frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni, búsetu, siðum og venjum. • Áttað sig á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. • Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. • Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. • Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að borða reglulega, fara snemma að sofa og leika sér úti. • Gert sér grein fyrir að í umhverfi hans eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð sem hafa áhrif á hann. • Sett sig í spor annarra. • Sett sér einföld markmið og unnið að þeim. • Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.	• Rætt er við nemendur um fjölskylduna, mikilvægi tengslanna og í tengslum við hátíðirnar er t.d. rætt um mismunandi siði og hefðir í fjölskyldunum. • Mikið er unnið með sjálfsmynd, sjálfsvitund og sjálfsvirðingu. • Kappkostað er að styrkja jákvæðar hliðar hvers nemanda og hjálpa honum að finna sínar sterkur hliðar. • Mikið er talað um tilfinningar og unnið verkefni í tengslum við þær. Uppbyggingarstefnan er höfð að leiðarljósi. • Umræður í dagsins önn, öll tækifæri nýtt í daglegu starfi til að ræða tilfinningar, líðan og þess háttar. • Við ræðum t.d. um sjónvarp og tölvuleiki og að í þeim megi finna bæði góð og slæm skilaboð. • Mikið er unnið með og rætt um að setja sig í spor annarra og gullnu regluna okkar að koma fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur. • Nemendur setja sér raunhæf markmið varðandi nám og hegðun. • Umræður í heimakrók.
Félagsheimur, Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	Nemandi getur: • Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. • Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn, lífviðhorf og lífshætti. • Hlustað á ólíkar skoðanir. • Áttað sig á gildi jafnréttis, sýnt tillitsemi, virðingu og umhyggju í leik og starfi.	• Nemendur hvattir til að tjá sig og kennt að bera virðingu fyrir þeim sem talar og leggja vel við hlustir. • Rætt er um mikilvægi okkar nánustu fjölskyldu og samskipta við hana. Einnig er rætt um að ekki eru allar fjölskyldur eins sem og fjölmenningu í samfélaginu. • Nemendum er kennt að bera virðingu fyrir öðrum og hafa að leiðarljósi að koma fram við náungann eins og hann vill að aðrir komi fram við sig. • Umræður í heimakrók og bekkjarfundir.

- | | | |
|--|---|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna | |
|--|---|--|

Námsmat:

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

Námsefni

- Litla lírfan ljóta – bók og mynd
- Verkefni tengd Uppbyggingarstefnunni
- Viltu vera memm
- Rafael, engillinn sem kom til jarðarinnar
- Birta bleik og brött
- Spor 1
- Tísla
- Eineltishringurinn
- Ýmis kennsluforrit
- Ýmis verkefni frá kennara